

Nefndarálit með breytingartillögu

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 98/2004, um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, með síðari breytingum (jöfnunargjald).

Frá 2. minni hluta atvinnuveganefndar.

Annar minni hluti telur brýnt að stuðlað sé að jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku til notenda í dreifbýli en er ekki sammála þeirri fjármögnunarleið sem mælt er fyrir um í frumvarpinu þar sem lagt er til að innheimt verði sérstakt gjald eða 0,30 kr. á hverja kílóvattstund og 0,10 kr á hverja skerðanlega kílóvattstund af dreifiveitum. 2. minni hluti telur gagnrýnisvert hverjir eiga að standa undir kostnaðinum við að jafna kostnað við raforku-dreifingu samkvæmt frumvarpinu og leggur því aðra leið til fjármögnunar á verkefninu.

2. minni hluti telur enn brýnna að niðurgreiðslur til húshitunarkostnaðar verði auknar, sbr. lög um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, nr. 78/2002. Við umfjöllun um málið í nefndinni komu fram hugmyndir um að sett yrði í forgang að auka niðurgreiðslur vegna húshitunar. Sú tillaga hlaut á endanum ekki meðbyr en 2. minni hluti telur mikilvægt eins og fram hefur komið að áður en byrjað verður að auka jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku verði stuðningur við niðurgreiðslur til húshitunar aukinn.

Skýrsla nefndar um aukna niðurgreiðslu.

2. minni hluti bendir á að fyrir liggur skýrsla starfshóps um breytingar á niðurgreiðslum til húshitunar frá desember 2011 sem var unnin fyrir iðnaðarráðuneytið. Í starfshópnum sátu Arnbjörg Sveinsdóttir, Ása Ögmundsdóttir, Hjalti Þór Vignisson, Ingibjörg Sigmundsdóttir, Katrín Skúladóttir, Kristinn Jónasson, Ómar Már Jónsson og Sigurður Friðleifsson sem var formaður. Hópurinn lagði til að jöfnunargjald yrði lagt á hverja framleidda kílóvattstund sem næmi nauðsynlegum kostnaði til að niðurgreiða á hverjum tíma að fullu flutning og dreifingu raforku til upphitunar íbúðarhúsnæðis.

Tillögur hópsins voru þrenns konar. Lagt var til að gerð yrði grundvallarbreyting á niðurgreiðslukerfinu þannig að flutningur og dreifing á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis yrðu niðurgreidd að fullu. Kerfið yrði þá sjálfvirkt þar sem breytingum á verði raforkudreifingar yrði mætt með sjálfvirkum hætti án þess að sérstök ákvörðun þyrfti að liggja að baki. Einnig var lögð til breytt fjármögnun niðurgreiðslna. Í tillögum hópsins fólst, eins og áður er getið, jöfnunargjald sem yrði lagt á hverja framleidda kílóvattstund og næmi þeim kostnaði sem nauðsynlegur væri á hverjum tíma til að niðurgreiða að fullu flutning og dreifingu raforku til upphitunar íbúðarhúsnæðis. Þá voru lagðar til nokkrar aðferðir sem vörðuðu frekari uppbyggingu jarðvarmaveitna og bættu orkunýtni, til að mynda jöfnunargjald sem yrði lagt á hitaveitur, svipað og á raforkuframleiðslu, sem gæti ávallt tryggt viðgang og vöxt jarðvarmaveitna. Jafnramt var gerð tillaga um að lengja stofnstyrkjaframlag í allt að 12 ár ef þörf kræfi.

Í skýrslunni kom fram að um 10% landsmanna hefðu ekki aðgang að jarðvarmaveitu og að hitun með rafmagni eða í sumum tilvikum olfu væri margfalt dýrari en hjá þeim sem hefðu jarðvarmaveitu. Þá kom fram að á tímabilinu 2005–2010 hefði bilið aukist jafnt og þétt milli

raffhitunar og jarðvarma þrátt fyrir að ekki hefðu verið teknar ákvarðanir um að draga úr jöfnun kostnaðar milli svæða. Ástæðan var sögð vera sú að verðmunur á jarðvarma og rafhitun hefði aukist án þess að fjárhæð niðurgreiðslna hefði fylgt þeirri þróun. Starfshópurinn taldi að ástæðuna mætti einkum rekja til fyrirkomulags niðurgreiðslukerfisins sjálfs þar sem stöðugt þyrfti að endurskoða fjárhæðina í flóknu umhverfi frekar en að pólitískur vilji hefði verið fyrir meiri ójöfnuði. Einnig kom fram það mat starfshópsins að núverandi kerfi mætti telja flókið, ógagnsætt gagnvart neytendum og háð stöðugum uppfærslum sem byggja þyrfti á erfiðu mati á umfangi niðurgreiðslufjárhæða hvert sinn.

Raforkuskattur.

2. minni hluti bendir á að samkvæmt 5. gr. laga um umhverfis- og auðlindaskatta er lagður skattur á raforku og heitt vatn sem nemur 0,129 kr. á hverja kílóvattstund af seldri raforku og 2% af smásöluverði á heitu vatni. Þessi skattlagning fellur úr gildi í lok þessa árs. Gert er ráð fyrir því í fjárlögum fyrir árið 2015 að tekjur ríkisins af skattinum muni nema tæplega 2,2 milljörðum kr. Annar minni hluti leggur til að þessari skattlagningu verði fram haldið og að tekjur af skattinum muni framvegis renna til þess að jafna kostnað við dreifingu raforku og niðurgreiða húshitunarkostnað. Skatturinn verði hins vegar lækkaður í þá tölu sem þarf til að standa undir þessari jöfnun, ásamt framlagi ríkissjóðs, þannig að flutningur og dreifing á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis verði niðurgreidd að fullu á alla notendur. Fram kom við umfjöllun um málið að til að jafna að fullu á þessu ári kostnað við dreifingu raforku og greiða niður kostnað við húshitun þurfi ríkissjóður um 410 millj. kr. til viðbótar við það fé sem nú er til ráðstöfunar. 2. minni hluti leggur til að ríkissjóður veiti þegar á þessu ári viðbótarframlag til þess og leggi út fyrir því og fái það til baka að fullu á næsta ári.

2. minni hluti leggur til að fjárhæð skattsins helmingist frá því sem nú er en hins vegar verði hann tímabundið hærri á árinu 2016 til að greiða ríkissjóði til baka framlagið á árinu 2015.

Hækkanir um síðustu áramót.

Að lokum telur 2. minni hluti rétt að geta þess að verðskrá dreifingar RARIK hækkaði um áramót um 28 aura/kWst sem svarar til um 3% meðalhækkunar á verðskrá. Samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu hækkuðu reikningar fyrir almenna notkun minna vegna lækkunar á virðisaukaskatti eða að jafnaði um 1,8% en fyrir heimili með raffhitun hækkaði virðisaukaskattur og því hækkuðu reikningar meira eða að jafnaði um 9,3%. Samkvæmt upplýsingum frá Orkubúi Vestfjarða hækkaði verðskrá fyrir dreifingu raforku í dreifbýli um 10%. Nefndin fékk þær upplýsingar að helsta skýring þessara hækkana væri sú að ekki væri gert ráð fyrir því að framlag kæmi til á árinu 2015 þar sem frumvarpið hefði ekki orðið að lögum.

2. minni hluti leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. Í stað orðanna „í samræmi við innheimt jöfnunargjald skv. 3. gr. a“ í 1. gr. komi: í samræmi við innheimtan raforkuskatt.
2. 2. gr. orðist svo ásamt fyrirsögn.

Á eftir 3. gr. laganna kemur ný grein, 3. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Raforkuskattur vegna dreifingar raforku.

Til að standa straum af jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku til almennra notenda samkvæmt lögum þessum skal greiða í ríkissjóð sérstakan skatt af seldri raforku.

Fjárhæð skatts skv. 1. mgr. skal vera 0,065 á hverja kílóvattstund af seldri raforku.
Um álagningu, uppgjör og innheimtu fer samkvæmt lögum um umhverfis- og auð-
lindaskatta, nr. 129/2009.

3. 3. gr. falli brott.

4. 4. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2016.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 2. gr. skal fjárhæð skatts skv. 1. mgr. 2. gr. á árinu 2016 vera 0,091 á hverja kílóvattstund af seldri raforku.

Alþingi, 17. febrúar 2015.

Kristján L. Möller,
frsm.

Lilja Rafney Magnúsdóttir.